

**3405. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
12. mars 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2001006 - Fundargerðir 2020 - Menningar- og safnanefnd

82. fundargerð Menningar- og safnanefndar frá 2. mars 2020.

Fundargerðin lögð fram.

2. 2001240 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020

323. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (réttur til einbýlis á öldrunarstofnunum).

191. mál frá nefndasviði Alþingis - til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrún.

311. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar

Lagt fram.

3. 2001149 - Sorpmál - starfshópur

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti fyrilliggjandi erindisbréf starfshóps um hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps á fundi sínum þann 9. mars sl.

Bæjarráð samþykkir erindisbréf starfshópsins og vísar til bæjarstjórnar til samþykktar.

Bókun RÓ:

Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram á fundi bæjarstjórnar þann 14. janúar s.l. tillögu um stofnun starfshóps um hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps á Akranesi. Í tillögunni var lagt til að Sjálfstæðisflokkurinn myndi gegna formennsku í starfshópnum. Fordæmi eru fyrir slíku þar sem Sjálfstæðisflokkurinn leiðir nú starfshóp um mótneytismál kaupstaðarins en hugmynd af þeirri vinnu kemur einnig frá Sjálfstæðisflokknum. Bæjarráð hefur nú samþykkt erindisbréf starfshópsins en meirihlutinn treystir ekki Sjálfstæðisflokkum fyrir formennsku sem veldur minnihlutananum miklum vonbrigðum. Að minnihlutinn þurfi að hafa allt frumkvæði að verkefnum meirihlutans veldur Sjálfstæðismönnum miklum áhyggjum.

Bókun VLJ og ELA:

Í meirihlutasamkomulagi Samfylkingar og Framsóknar og frjálsra segir í kafla um umhverfismál:

„Akraneskaupstaður verði framúrskarandi í umhverfismálum og umhverfisvitund.

Við viljum:

-Auka umhverfisvitund með aukinni fræðslu og leiðbeiningum um hvernig megi stuðla að endurvinnslu og nýtingu hráefna.

-Draga úr plastnotkun.

-Setja upp grenndarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang.

-Auka flokkunarmöguleika og bæta við lífrænni flokkun.

-Stofnanir bæjarins verði í fararbroddi í flokkun sorps.“

Það er ljóst að sorpmál voru á dagskrá meirihlutans í bæjarstjórn og tillaga Sjálfstæðisfloksins breytir engu um það, þótt hún vissulega komi þessum starfshópi nú af stað. Fulltrúar meirihlutans vilja benda á að það er vel bekkt innan Alþingis að framsögumenn tillagna komi úr röðum annarra flokka en þeirra sem lögðu tillöguna fram. Þannig er ekki óeðlilegt að meirihlutinn taki formennsku í þessum starfshópi þar sem fordæmin eru til staðar.

Meirihlutinn hefur sýnt það í verki að hann treystir bæjarfulltrúum Sjálfstæðisfloksins, t.a.m. með varaformennsku í ráðum og formennsku í starfshópi um mótneytismál. Við teljum samstarf meiri- og minnihluta hafa verið gott hingað til og höfum fulla trú á að svo verði áfram og bindum miklar vonir við vinnu þessa starfshóps. Við mótmælum þeirri fullyrðingu að minnihlutinn hafi allt frumkvæði að verkefnum meirihlutans. Í gildi er meirihlutasamkomulag og eftir því vinnur meirihlutinn. Áhyggjur Sjálfstæðismanna eru því óparfar.

4. 2001289 - Dalbraut 4 - athugasemdir FEBAN vegna hönnunar félagsrýmis

Erindi FEBAN með athugasemdum vegna hönnunar á félagsrými Dalbrautar 4 var tekið fyrir á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 9. mars sl. Þar var lagt fram minnisblað verkefnastjóra með tillögu að svörum við athugasendum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti tillögurnar og leggur til við bæjarráð að minnisblaðið verði haft til hliðsjónar varðandi endanlega hönnun rýmisins.

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og umhverfisráðs um að endanleg hönnun þjónustumiðstöðvarinnar að Dalbraut 4 taki mið af fyrirliggjandi minnisblaði verkefnastjóra en setur tiltekna varnagla og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málssins.

Fyrirhugaður er fundur bæjarfulltrúa með fullrúum FEBAN á næstunni og er stefnt að mánudeginum 23. mars kl. 18:15

5. 1906113 - Siglingafélagið Sigurfari á Akranesi - aðstaða.

Erindi til bæjarráðs um húsnaðismál Sigurfara, siglingafélags Akraness.

Bæjarráð vísar erindinu til skóla- og frístundasviðs en huga þarf að skammtímalausn sem og framtíðarsýn fyrir Siglingafélagið Sigurfara á Akranesi.

ELA
4/1

6. 1710124 - Tölvu- og kerfismál

Tillaga sviðsstjóra um breytingar á áskriftarleiðum á Microsoft samningum Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir að veita fjármunum, samtals að fjárhæð kr. 1.000.000, til aðkeyptrar kerfislægrar vinnu og kaupa á nauðsynlegum hugbúnaði vegna fyrirhugaðrar sameiningar Microsoft Office 365 kerfa Akraneskaupstaðar. Fjármununum skal ráðstafað af lið 20830-4995 og inn á deild 21400-4980.

7. 2003076 - Aldarafmæli knattspyrnunnar á Akranesi - sagnfræðirit

Erindi til bæjarráðs um aldarafmæli knattspyrnu á Akranesi og skrásetningu á þeiri merku sögu í safnfræðirit.

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu en bendir umsækjanda á menningarstyrki úr uppbyggingasjóði Vesturlands sem menningarfulltrúi SSV veitir ráðgjöf um.

8. 2002198 - Grjótið Bistro-bar - rekstrarleyfi

Bæjarráð veitti jákvæða umsögn til Sýslumannsins á Vesturlandi á síðasta fundi sínum vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki III fyrir Grjótið Bistro-bar ehf. sem stefnt er að opna við Kirkjubraut 8-10. Umsögn bæjarráðs var veitt með fyrirvara um jákvæða umsagnir byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.

Hjálagt er erindi þar sem mótmælt er opnun mögulegs veitingarstaðar við Kirkjubraut 8-10.

Lagt fram.

Afgreiðslu málsins frestað og sviðsstjóra stjórnsýlu- og fjármálasviðs falið að vinna minnisblað um réttarstöðuna.

9. 2003002 - SSV - aðalfundur 2020

Aðalfundarboð SSV. Aðalfundur SSV verður haldinn á Hótel Hamri, í Borganesi miðvikudaginn 1. apríl 2020.

Líkur eru á fundurinn verði ekki haldinn vegna COVID-19 veirunnar en komi til þess verða eftirtaldir fulltrúar Akraneskaupstaðar:

Bæjarfulltrúarnir Elsa Lára Arnardóttir, Ragnar B. Sæmundsson, Valgarður L. Jónsson í forföllum Báru Daðadóttur, Rakel Óskarsdóttir og Ólafur Adolfsson en auk þeirra sækir Sævar Freyr Práinsson bæjarstjóri fundinn.

Bæjarráð hvetur til þess að hugað verði að fjarfundarmöguleikum í stað frestunar funda.

10. 2003118 - Verkefnið "Karlarnir í skúrnum"

Samfélagsverkefnið "Karlarnir í skúrnum".

Verkefnið er hjá Rauða krossinum og er að erlendri fyrirmynnd, byrjaði í Ástralíu en hefur slegið í gegn viðs vegar í Evrópu og í Bandaríkjum.

Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun karlamanna. Verkefnið fór af stað í Hafnarfirði í desember 2018 og fékk húsnæði í apríl 2019 að Helluhrauni 8 í Hafnarfirði. Enn sem komið er hefur verkefnið mest verið sótt af karlmönnum sem komnir eru á eftirlaun og fastur kjarni sækir aðstöðuna.

RÓ óskaði eftir að málið yrði tekið upp á fundinum og að komið verði á samtali við Rauða krossinn um samstarf.

Bæjarráð samþykkir tillöguna og felur bæjarstjóra í samvinnu við sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasvið að vinna málið áfram með ofangreint í huga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:16.

Éisa hára Arnar Þórir.

Vadagns Löðvær

Rann Óskarskoti

Sæm Freyr þróunar

Sæmur Adalbjörn